

SÚÐAVÍKURHREPPUR

12. FUNDUR FRÆÐSLU- TÓMSTUNDAR - MENNINGAR OG KYNNINGARNEFNDAR KJÖRTÍMABILID 2018-2022

HALDINN Í FUNDARSAL ÁLFTAVERS, FIMMTUDAGINN 8. SEPTEMBER 2021, KL. 14:00

Miðvikudaginn þann 8. september 2021 kl. 14:00 var haldinn fundur í fræðslu, tómstundar, menningar og kynningarnefnd Súðavíkurhrepps.

Mætt til fundar: Oddný Bergsdóttir, Lilja Ósk Þórisdóttir, Stella Guðmundsdóttir (í fjarfundi) og Anna Lind Ragnarsdóttir. Sveitarstjóri, Bragi Þór Thoroddsen sat einnig fundinn.

Ekki athugasemd við boðun fundar. Fundargerð ritar Oddný Bergsdóttir og Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri færir fundargerð rafrænt.

Gengið er til afgreiðslu dagskrár.

Dagskrá:

1. Skólaárið 2021-2022 almenn umræða um skólalahaldið
2. Innsent erindi vegna gjaldskrárhækkunar fyrir dægradvöl og frístund

-
1. Skólaárið 2021-2022 almenn umræða um skólalahaldið
Í heild eru í skólanum 23 börn; 11 í leikskóla og 12 í grunnskóla. Starfsmenn eru 12. SIS greiningar koma inn í september fyrir tvö börn sem eru í skólanum. Að fenginni niðurstöðu mun skólastjóri taka ákvörðun um framhald varðandi stöðugildi. Einn starfsmaður hefur verið ráðinn til aðstoðar vegna greininga, en hugsanlega verður bætt við öðru stöðugildi. Úttekt MMR fer fram í október á grunnskólanum og er allt gott um það að segja. Fært til trúnaðarmálabókar undir þessum lið.
 2. Innsent erindi vegna gjaldskrárhækkunar fyrir dægradvöl og frístund
Fræðslu-, tómstundar-, menningar- og kynningarnefnd fór yfir erindið, en telur að gjaldskrárhækkun sé ekki úr hófi fram, enda hefur gjaldskrá ekki tekið breytingum til langs tíma. Ráðinn var inn starfskraftur til að halda úti dægradvöl þar sem fjögur börn nýta.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 14:56

Oddný Bergsdóttir
Lilja Ósk Þórisdóttir
Anna Lind Ragnarsdóttir
Stella Guðmundsdóttir